

## Félagsmála og forvarnarstefna UMSB

Í öllu starfi með börnum og unglingum, hvort sem það er á vegum UMSB eða aðildarfélaganna, er áhersla lögð á jöfn tækifæri, heilbrigða lífshætti og forvarnir. Stuðlað skal að félagsfærni, jákvæðum samskiptum og fræðslu um verndandi þætti heilsu og velferðar sem og áhættuþætti. Allir starfsmenn, þjálfarar og aðrir innan UMSB og aðildarfélaganna sem að vinna með börnum og unglingum skulu vinna í samræmi við félagsmála og forvarnastefnu UMSB. Allar samkomur og viðburðir sem eru sérstaklega ætlaðar börnum og unglingum skulu vera vímuefnalausar. Þær skulu haldnar á forsendum barna og unglunga, vera á forsjá aðila sem hafa þekkingu og reynslu af starfi með börnum og unglingum í húsnæði við hæfi.

### Framtíðarsýn

Félagsmála og forvarnastefna UMSB leggur áherslu á fjölskylduvænt og heilsueflandi samfélag þar sem öll börn og ungmenni hafa jöfn tækifæri, tileinka sér heilbrigðan lífsstíl, líður vel og hafa sterka sjálfsmynd. Hlúa þarf að umhverfi barna og unglunga og sjá til þess að þau búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi og leggja þarf jafna áherslu á félagsleg samskipti og færni til jafns við íþróttaæfingar og keppnir.

Til þess að okkar framtíðarsýn geti orðið að veruleika eru nokkur atriði sem við höfum að leiðarljósi í starfsemi UMSB og aðildarfélaganna.

- Við gerum okkur grein fyrir því að foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum og samvera foreldra og barna er verndandi þáttur. Þessvegna leggjum við áherslu á að fræða foreldra um jákvæð samskipti og mikilvægi samverustunda barna og foreldra.
- Við vitum að sterk og jákvæð sjálfsmynd, félagsfærni og heilbrigðir lífshættir eru börnum og unglingum kjölfesta til að takast á við lífið og tilveruna. Þessvegna notum við hvert tækifæri til að hrósa og byggja upp sterka einstaklinga, við leggjum áherslu á félagslega samveru utan skipulagðra íþróttaæfinga og fræðum iðkendur um heilbrigðan lífsstíl.
- Virk þátttaka í skóla- og frístundastarfi styrkir sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglunga. Þessvegna hvetjum við alla til þátttöku í skipulögðu starfi, leggjum okkur fram um að öllum líði vel í skipulögðu starfi á okkar vegum og tökum sérstaklega vel á móti nýliðum.
- Við viljum samfélag án ofbeldis. Við leggjum þessvegna áherslu á að vinna gegn hverskonar ofbeldi, líkamlegu, andlegu, kynferðislegu sem og einelti.
- Við viljum æsku án vímuefna. Við leggjum mikla áherslu á að sporna gegn hvers kyns vímuefnaneyslu. Við fræðum börn og unglunga um skaðsemi vímuefna og hvetjum þau til þátttöku í skipulögðu íþrótta og/eða tólmundastarfi sem hefur sannað forvarnargildi sitt.
- Við viljum efla sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum. Áhersla verði lögð á að efla sjálfsvirðingu, sjálfstraust og virðingu barna og unglunga fyrir líkama sínum og bera virðingu fyrir öðrum, sem forvörn gegn hverskonar áhættu hegðun.

**Stefna þessi var samþykkt á 94.sambandsþingi UMSB 12.mars 2016**